



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 15. maí 2012

1205014SA GB
Málalykill: 401

Efni: Umsögn um frv. um br. á ýmsum skattalagaákvæðum, 653. mál

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, dags. 9. maí sl., þar sem óskað er eftir umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um ofangreint mál, sem varðar breytingar á ýmsum ákvæðum skattalaga.

Sambandið gerir einungis athugasemd við 10. gr. frumvarpsins, þar sem lagt er til að fellt verði brott ákvæði 2. málsli. 13. gr. laga nr. 129/2009, um umhverfis- og auðlindaskatta, með síðari breytingum. Eins og Alþingi er kunnugt var lögum um umhverfis- og auðlindaskatta einungis ætlað að gilda í skamman tíma til að stuðla að aukinni tekjuöflun ríkisins. Samkvæmt 2. málslið 13. gr. laganna eiga löggin að falla úr gildi 31. desember 2012 en með þeirri tillögu sem fram kemur í 10. gr. frumvarpsins er lagt til að skattheimta þessi verði varanleg.

Í umsögn um frumvarp sem varð að lögum nr. 129/2009 gerði sambandið ekki athugasemd við að tekið yrði upp kolefnisjöfnunargjald á fljótandi jarðefnaeldsneyti, sbr. I. kafla þess frumvarps, en sambandið lagðist hins vegar alfarið gegn ákvæðum II. kafla frumvarpsins, sem felur í sér skattlagningu á hitaveitur og rafveitur. Um afstöðu sambandsins til slíkrar skattlagningar sagði m.a. eftirfarandi í umsögn sambandsins, sem er dagsett 9. desember 2009:

„Í meðfylgjandi minnisblaði sviðsstjóra lögfræðisviðs sambandsins eru reifaðar veigamiklar athugasemdir við ofangreint frumvarp. Með vísan til þess sem þar kemur fram leggst sambandið alfarið gegn ákvæðum II. kafla frumvarpsins, þar sem lagt er til að teknir verði upp beinir skattar á raforku og heitt vatn sem selt er í smásölu til neytenda.

Ekki verður annað séð en að frumvarpsákvæðin séu algerlega órökstudd og í beinni andstöðu við almenna stefnu stjórnvalda í orku- og auðlindamálum. Ástæða er til að benda á að nú þegar er greiddur 7% virðisaukaskattur til ríkissjóðs af heitu vatni og raforku. Hinir nýju skattar eru til þess fallnir að flækja skattkerfið til muna og þótt í frumvarpinu sé lagt til að þeir verði aðeins lagðir á tímabundið á árunum 2010-2012 er hætt á að þeir verði framlengdir og jafnvel hækkadir. Einnig er vert að benda á að þeir munu leiða til hækkunar á verði til neytenda og þar með hafa áhrif á neysluverðsvísitölu og þar með verðtrygðar skuldir heimilanna og eftir atvikum sveitarfélaga.

Hvað varðar skatt á heitt vatn sérstaklega er rétt að hafa í huga að um er að ræða almannaþjónustu sem sveitarfélög veita íbúum sínum þar



sem aðstæður henta til slíkrar starfsemi, nánast á kostnaðarverði. Ríkið virðist vera að feta sig inn á hættulegar brautir í sinni tekjuöflun með því að telja sig geta lagt beinan skatt á þessa þjónustu sem sveitarfélögin veita. Óhjákvæmilegt er að spyrja þeirrar spurningar hvort ýmis önnur þjónusta við íbúa sveitarfélaga verði þá einnig skattlögð í framtíðinni.“

Framangreind sjónarmið eru hér með ítrekuð af hálfu sambandsins og leggur sambandið til að við afgreiðslu málsins verði gerð sú breyting á 10. gr. frumvarpsins að II. kafli laga nr. 129/2009 verði látinn falla úr gildi 31. desember 2012 eins og upphaflega var samþykkt á Alþingi. Sambandið gerir hins vegar ekki athugasemd við að gildistími I. kafla laganna verði framlengdur ótímabundið, eins og lagt er til í frumvarpinu.

Virðingarfyllt
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri